

Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 18. október 2018  
UST201810-156/I.M.B.  
09.03

**Tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar til kynningar  
Suðurland - vatnasvið Markarfljóts: 22 Markarfljótsvirkjun A og  
23 Markarfljótsvirkjun B**

Umhverfisstofnun vinnur nú að undirbúningi friðlýsinga svæða í verndarflokki rammaáætlunar sbr. 53. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þar segir að svæði sem falla í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar sem Alþingi hefur samþykkt skuli friðlýsa gagnvart orkuvinnslu og að friðlýsingin skuli fela í sér að orkuvinnsla er óheimil á viðkomandi svæði. Það ferli sem unnið er eftir var kynnt með bréfi til sveitarfélaga sem hafa landsvæði í verndarflokki innan sinna marka með bréfi dags. 27. júlí 2018.

Ekki er gert ráð fyrir að sérstök umsjón eða landvarsla verði á þeim svæðum sem friðlýst verða með þessum hætti. Friðlýsing svæða í verndarflokki rammaáætlunar er hluti af því átaki í friðlýsingum sem umhverfis- og auðlindaráðherra kynnti í ríkisstjórn þann 8. júní sl. til samræmis við sáttmála ríkisstjórnarinnar eins og fram kemur í frétt á heimasíðu ráðuneytisins.

**Þingsályktun**

Forsaga málsins er sú að þann 14. janúar 2013 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða, svokölluð rammaáætlun. Umhverfisstofnun er falið það hlutverk að undirbúa friðlýsingu þeirra svæða sem flokkuð eru í verndarflokk samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Í 6. gr. laganna er fjallað um verndarflokkinn en þar kemur fram að í hann falli virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og þau landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Þar kemur jafnframt fram að stjórnvöldum sé ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum eða orkuvinnslu vegna virkjunarkosta eða landsvæða sem flokkuð hafa verið í verndarflokk. Aðrar orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar eru ekki heimilar á þessum svæðum að því undanskyldu að heimilt er að veita leyfi til yfirborðsrannsókna á þessum svæðum að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

### **Málsmeðferð**

Undirbúningur að friðlýsingu svæðanna í verndarflokki rammaáætlunar er unninn í samræmi við þá málsmeðferð sem lýst er í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í málsmeðferðinni felst að Umhverfisstofnun skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttihafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmunum eiga að gæta. Jafnframt skal kynna landeigendum og öðrum réttihöfum lands rétt til bóta skv. 42. gr. Frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu skal vera þrjú mánuðir.

Eftir að þriggja mánaða kynningartíma lýkur tekur Umhverfisstofnun saman umsögn um framkomnar athugasemdir við tillöguna og vísar tillögu að friðlýsingarskilmálum til ráðherra.

### **Tillaga að friðlýsingu**

Rangárþingi ytra er hér með send tillaga að friðlýsingu svæðis sem skilgreint hefur verið í tengslum við svæði í verndarflokki – Suðurland - vatnasvið Markarfljóts: 22 Markarfljótsvirkjun A og 23 Markarfljótsvirkjun B sem lagt er til að verði friðlýst. Meðfylgjandi er tillaga að friðlýsingu svæðisins og kort þar sem mörk svæðisins eru dregin upp.

### **Forsendur fyrir afmörkun svæðisins**

Við afmörkun verndarsvæða vegna landsvæða í verndarflokki styðst umhverfis- og auðlindaráðuneytið almennt við aðferðir þær sem faghópur 1 í 2. áfanga rammaáætlunar notaði til að afmarka svæði, annars vegar vegna vatnsafls- og hins vegar vegna jarðhitavirkjana. Afmörkun svæða vegna vatnsaflsvirkjana er lýst á bls. 48-49 í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 2. áfanga, sjá

<http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Rammaaetlun-1.pdf> og afmörkun svæða vegna jarðhitavirkjana er lýst á bls. 49 í sömu skýrslu.

Faghópur 1 í 2. áfanga rammaáætlunar skilgreindi áhrifasvæði virkjunar svo: „Svæði sem til greina koma vegna vatnsaflsvirkjana voru afmörkuð þannig að miðað var við vatnasvið ofan fyrirhugaðra stíflumannvirkja en þar fyrir neðan var aðeins tekinn meginfarvegurinn og næsta nágrenni hans (100-500 m út frá miðlínu eftir aðstæðum...)“. Lagt er til að verndarsvæði vegna Markarfljótsvirkjunar B sé vatnasvið Markarfljóts ofan stíflumannvirkja fyrrum fyrirhugaðrar Markarfljótsvirkjunar B og meginfarvegur Markarfljóts þar fyrir neðan til sjávar, 500 m út frá miðlínu til beggja handa nema þar sem farvegurinn er víðari en 1.000 m, þar sé miðað við belti sem nær 100 m út fyrir heildarbreidd farvegarins til beggja handa. Fyrirhuguð Markarfljótsvirkjun A er innan vatnasviðs Markarfljótsvirkjunar B. Mörk svæðisins fylgi jökuljaðri.

Umhverfisstofnun óskar eftir að erindi þetta verði einnig kynnt náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins.

Frestur til að skila athugasemdum er til og með 23. janúar 2019. Að kynningartíma loknum tekur Umhverfisstofnun saman umsögn um framkomnar athugasemdir við tillöguna og vísar tillögu að friðlýsingarskilmálum til ráðherra.

Athugasemdum skal skilað á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is), með tölvupósti á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Frekari upplýsingar veita undirritaðar í síma 591-2000 eða á netföngunum [ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is](mailto:ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is) og [hildurv@umhverfisstofnun.is](mailto:hildurv@umhverfisstofnun.is).

Virðingarfyllt

*Hildur Vésteinsdóttir*

Hildur Vésteinsdóttir  
Sviðsstjóri

*Ingibjörg M. Bjarnadóttir*  
Ingibjörg M. Bjarnadóttir  
Sérfræðingur

### Fylgiskjöl

Drög að auglýsingu um friðlýsingu svæðisins.  
Kort af því svæði sem tillagan nær til.

### Samhljóða bréf sent:

Rangárþingi eystra

MÓTTEKIÐ

24. OKT. 2018



Rangárþingi ytra



## Tillaga að auglýsingu

### um verndarsvæði á Suðurlandi - vatnasvið Markarfljóts: 22 Markarfljótsvirkjun A og 23 Markarfljótsvirkjun B í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar

1. gr.

#### *Um friðlýsinguna*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktun nr. 13/141, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa vatnasvið vatnasvið Markarfljóts: 22 Markarfljótsvirkjun A og 23 Markarfljótsvirkjun B í Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Verndarsvæðið er 56.418 hektarar að stærð.

2. gr.

#### *Markmið friðlýsingarinnar*

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda vatnasvið Markarfljóts: 22 Markarfljótsvirkjun A og 23 Markarfljótsvirkjun B gegn orkuvinnslu.

3. gr.

#### *Mörk verndarsvæðisins*

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.<sup>1</sup>

4. gr.

#### *Mannvirkjagerð og orkurannsóknir*

Orkuvinnsla innan marka verndarsvæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

5. gr.

#### *Refsiákvæði*

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

6. gr.

#### *Gildistaka*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

#### *Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsetning*


---







Umhverfis- og auðlindaráðherra

---

<sup>1</sup> Hnitaskrá verður birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is), eigi síðar en 24. október 2018. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Marta Bjarnadóttir í síma 5912000.





 <p>UMHVERFIS STOFNUN</p> <p><a href="http://www.ust.is">http://www.ust.is</a></p>	<p><b>Markarfljót</b></p>	 Verndarsvæði		<p>Flatarmál: 56.418 ha</p>
		 Friðlýst		<p>Kortavörpun: Lambert keiluvörpun</p>
		 Sveltarelagamörk		<p>Hnattstaða: ISN93</p>
		 Vegnúmeraðil vegir		<p>Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ</p>
				<p>Dags: 05.07.2018</p> <p>© Landmælingar Íslands</p>

